

Ed.

35. Nefndarálit

[16. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðafjárgreiðslur úr rikissjóði á árinu 1960.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afstöðu til afgreiðslu þessa máls.

Meiri hlutinn, þ. e. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar (MJ, ÓB, JÞ), vildi hraða afgreiðslu málsins sem allra mest og mæla eindregið með samþykkt frumvarpsins strax.

Minni hlutinn, þ. e. undirritaðir, telur hins vegar ástæðulaust að hraða málinu, af því að ekki er ætlað til, að lögin taki gildi fyrr en um næstu áramót, enda óviðkunnanlegt skv. eðli málsins og óvenjulegt að setja slík lög fyrr en sem næst lokum árs eða þegar fullsýnt er, að nauðsyn krefur.

Tveir fundir voru haldnir um málið í nefndinni, og milli fundanna kom í ljós, að ástæðan fyrir því, að ríkisstjórnin leggur þetta frv. svona snemma fram og stuðningsmenn hennar vilja knýja það í gegnum Alþingi með flughraða, er sú, að ríkisstjórnin hugsar sér að stofna nú þegar til nálega tveggja mánaða þingfrestunar — senda þingmenn heim, meðan hún ákveði efnahagsmálaaðgerðir stjórnarflokkanna fyrir næsta ár.

Þótt þessi ástæða, sem var ekki nefnd í framsögu málsins, hafi í ljós komið, er síður en svo, að hún breyti afstöðu okkar. Við erum andvígir því, að hinu nýkjörna og nýsetta Alþingi sé frestað strax og svo langan tíma sem nú er fyrirhugað, — teljum slíka frestun, sem gerð væri án alls samráðs og samkomulags við stjórnarandstöðuna, gjörræði og lítilsvirðingu við löggjafarsamkomuna — og geta orðið þingræðinu hættulega. Tilgangurinn gæti verið sá af hálfu ríkisstjórnar að fá tækifæri til þess að stjórna án ihlutunar Alþingis með setningu bráðabirgðalaga.

Þegar á það er litið, að þeir flokkar, sem nú fara með ríkisstjórn, hafa haft samstarf um stjórn ríkisins allt þetta ár, er ámælisvert, að þeir skuli ekki hafa undirbúið betur verkefni Alþingis en svo, að þeir sjálfir telji það ekki hafa viðfangsefni, er það loks kemur til funda 20. nóvember. Má af tómlæti eða afkastaleysi stjórnarflokkanna við undirbúninginn ráða, að ríkisstjórninni muni eigi af því veita að hafa þingið sér til fulltingis og aðhalds, eins og komið er.

Þingmenn hafa nú þegar á þeim fáu dögum, sem þingið hefur setið, borið fram allmörg mál og sum þeirra mjög þýðingarmikil, svo sem hafnamál, vegamál og húsbýggingarmál. Vitað er um önnur, sem eru í undirbúningi og væntanlega koma fram næstu daga, ef þingið fær að starfa. Fjárlagafrumvarpinu hefur enn ekki verið vísað til nefndar o. s. frv.

Það er þess vegna algerlega ótímabært að fresta þinginu strax. Sá frestur væri skerðing á aðstöðu þingmanna til að flytja mál, sem brýn eru og rækilegrar athugunar þarfnast í þinginu. Og hann bryti einnig í bág við þá þjóðarnauðsyn líðandi stundar, að þingmenn allra flokka hafi, svo sem unnt er, samráð um framvindu höfuðmála.

Af framangreindum ástæðum lögðum við til í nefndinni, að hún frestaði afgreiðslu þessa máls, þar til nær drægi hæfilegum þinghléstíma og áramótum. Á það féllst meiri hlutinn ekki.

Af sömu ástæðum teljum við, að þingdeildin eigi að fresta málinu um sinn. Að öðrum kosti munum við greiða atkvæði gegn þessu frv. nú.

Alþingi, 28. nóv. 1959.

Karl Kristjánsson, Björn Jónsson.
frsm.